

Fræðslutilboð fyrir frístundastarf



Námskeið og fyrirlestrar fyrir starfsfólk í frístundastarfi,
til dæmis hægt að horfa á **Torginu**
eða fá á starfsdaga og starfsmannafundi.



Nýliðafræðsla fyrir frístundaheimili

Nýliðafræðsla fyrir öll sem hefja störf í frístundaheimilum.

Tengiliður: Ása Kristín Einarsdóttir, verkefnastjóri frístundaskrifstofu asa.kristin.einarsdottir@reykjavik.is

Hekkur: [Nýliðafræðsla fyrir frístundaheimili, fræðsla á Torginu](#)

Nýliðafræðsla fyrir félagsmiðstöðvar

Nýliðafræðsla fyrir öll sem hefja störf í félagsmiðstöðvum, gerð er krafa um að starfsfólk ljúki nýliðafræðslu á Torginu áður en starfsfólk mætir að staðfræðslu.

Tengiliður: Hulda Valdís Valdimarsdóttir, verkefnastjóri frístundaskrifstofu

hulda.valdis.valdimarsdottir@reykjavik.is

Hekkur: [Nýliðafræðsla fyrir félagsmiðstöðvar, fræðsla á Torginu](#)

Íslenskukennsla fyrir starfsfólk ef erlendum uppruna

Nú er komið rafrænt stöðumat inn á Torgið sem hannað er eftir evrópska tungumálarannanum.

Niðurstaðan á því gefur til kynna á hvaða hæfnistigi fólk er, þ.e. A1, A2, B1 eða B2. Í kjölfarið á stöðumatinu verður hægt að skrá sig á viðeigandi námskeið. Skólnir sem hefur verið samið við um íslenskukennslu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar eru Mímir, Tin Can Factory, Liberis, Retor og Bifrost.

Tengiliður: Hildur Rudólfsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu SFS

Hildur.Rudolfsdottir@reykjavik.is

Hekkur: [Stöðumatið á Torginu](#)

Torgið fræðsla fyrir notendur

Í þessari fræðslu er lögð áhersla á að kynna fyrir almennum starfmönnum hvernig Torgið virkar. Þar má finna stutt fræðslumyndbond um helstu aðgerðir hins almenna notenda á Torginu. Fræðslan gefur starfsfólkni innsýn í uppbyggingu kerfisins.

Tengiliður: Hildur Rudólfsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu SFS

Hildur.Rudolfsdottir@reykjavik.is

Hekkur: [Torgið fyrir notendur](#)

Torgið fræðsla fyrir stjórnendur

Stutt viðbótarfræðsla fyrir stjórnendur sem lýsir Stöðluðum skýrslum og Stjórnendasýninni í Torginu og þeim upplýsingum sem stjórnendur geta nálgast þar, ásamt því að útskýra hvernig stjórnendur fylgjast með skyldufræðslu síns starfsfólks.

Mælt er með að horfa fyrst á "Torgið - fræðsla fyrir notendur".

Tengiliður: Hildur Rudólfsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu SFS

Hildur.Rudolfsdottir@reykjavik.is

Hekkur: [Torgið fyrir stjórnendur](#)

Innra mat

Unnið með starfsmannahópnum að því að greina stöðu innra mats á starfsstað, kynna leiðir og á hvern hátt má nýta umbótaáætlanir.

Markhópur: Starfsfólk frístundahaímila og félagsmiðstöðva.

Tengiliður: Sigrún Harpa Magnúsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu SFS
sigrun.harpa.magnusdottir@reykjavik.is

Hlekkur: [Torgið - fræðslukerfi Reykjavíkurborgar | Learning \(reykjavik.is\)](#)

Stuðningur í frístundstarfi

Fraðslan fjallar um hvernig er hægt að koma til móts við mismunandi þarfir barna og unglingsa í frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Fræðslan er hugsuð fyrir alla sem vinna á frístundahaímilum og í félagsmiðstöðvum, bæði almennu og sérteku starfi. Hún er gagnleg bæði fyrir starfsfólk sem sinnir stuðningi og þá sem starfa í almennu frístundastarfi.

Tengiliður: Sigríður Rut Hilmarsdóttir, sigridur.rut.hilmarsdottir@reykjavik.is

Hlekkur: [Stuðningur í frístundastarfi \(SFS\), fræðsla á Torginu](#)

Hinsegis mállefni í skóla- og frístundastarfi

Það eru hinsegis börn í öllu skóla- og frístundastarfi og eru þau alls konar, rétt eins og önnur börn. Aðalnámskrá, jafnréttislög og mannréttindastefna Reykjavíkurborgar skylda skóla og frístundastarf til þess að taka mið af og kenna um hinsegis fólk og mállefni. Þessi fræðslulína leiðir starfsfólk í gegnum grunnþætti hinsegis mállefna.

Tengiliður: Maríanna Guðbergsdóttir, verkefnastýra Jafnréttisskólans
marianna.gudbergsdottir@reykjavik.is

Hlekkur: [Hinsegis mállefni í skóla- og frístundastarfi, fræðsla á Torginu](#)

Forréttindi og mismunun

Það skiptir máli að starfsfólk sem vinnur með börnum sé ávallt meðvitað um að börn eru fjölbreyttur hópur með margvíslegar þarfir. Fjölmargir þættir hafa áhrif á stöðu barna, líðan þeirra, viðhorf og samskipti. Í þessu erindi er fjallað um forréttindi og mismunun og rætt um mikilvægi þess að vinna markvisst að því að skapa rými og aðstæður þar sem öll börn upplifa sig örugg og velkomin. Til þess að gera það vel þarf meðvitund um fjölbreytileikann og vilja til að koma til móts við hvert barn þar sem það erstatt.

Leiðbeinandi: Maríanna Guðbergsdóttir, verkefnastýra Jafnréttisskólans

Tímalengd: 1,5 klst.

Ósk um fræðslu sendist á: marianna.gudbergsdottir@reykjavik.is

Staðalmyndir, félagsmótun og samskipti

Í þessari fræðslu er rætt um áhrif félagsmótunar á kynin og hvernig staðalmyndir samfélagsins geta verið hamlandi og villandi fyrir ungt fólk. M.a. er rætt um framkomu fullorðinna við börn, skilaboð sem þau fá í gegnum leikföng, dægurmenningu og samfélagsmiðla.

Leiðbeinandi: Maríanna Guðbergsdóttir, verkefnastýra Jafnréttisskólans

Tímalengd: 1,5 klst.

Ósk um fræðslu sendist á: marianna.gudbergsdottir@reykjavik.is

Kynheilbrigði

Fjallað er um hvernig veita má markvissa kynfræðslu í starfi. Farið er í hvað telst sem óeðlileg og eðlileg kynhegðun barna og hvenær skal grípa inn í. Við deilum reynslu og fáum hagnýt ráð til að nýta í daglegu starfi. Að lokum er fjallað um hvernig bregðast skuli við tilkynningum/vísbendingum um kynferðislegt ofbeldi.

Leiðbeinandi: Indíana Rós Ægisdóttir, verkefnastýra Jafnréttisskólans

Tímalengd: 2 klst.

Ósk um fræðslu sendist á: indiana.ros.aegisdottir@reykjavik.is



Vettvangsstarf og verklag í ofbeldismálum

Fraðsla fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva um hvert hlutverk starfsfólks er í vettvangsstarfi, hvernig er best að bregðast við í erfiðum aðstæðum og hvað er gott að vita áður en haldið er af stað í vettvangsstarf.

Hægt er að sníða fræðslu fyrir starfshópa eftir þörfum hvers og eins starfsstaðar í samráði við verkefnastjóra forvarna.

Leiðbeinandi: Hjörleifur Steinn Þórisson, verkefnastjóri forvarna á frístundaskrifstofu

Ósk um fræðslu sendist á: hjorleifur.steinn.thorisson@reykjavik.is

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar

Fraðslan er fyrst og fremst fyrir starfsstaði Reykjavíkurborgar. Farið er yfir mismunandi þætti mannréttindastefnunnar og rætt um dæmi sem varpa skýrara ljósi á stefnuna. Fræðslan er í fyrirlestraformi og það er einnig hvatt til umræðu.

Ósk um fræðslu sendist á:

mannrettindi@reykjavik.is

Tímalengd: 1 klst.

Jafnrétti kynjanna

Er til kvennamenning og karlamenning? Hvernig birtist hún og hvaða áhrif hefur hún á vinnustaði? Hvað segja lög um jafnrétti kynjanna og hver er staða karla og kvenna á Íslandi í dag? Fræðsla þar sem farið er yfir stöðu kynjanna, jafnrétti og ójafnrétti. Fyrirlestur og umræður.

Ósk um fræðslu sendist á:

mannrettindi@reykjavik.is

Tímalengd: 1 klst.

Trans börn

Markhópur fræðslunnar er fólk sem vinnur með börnum og er markmiðið að gera það meðvitað um þann litla og viðkvæma hóp sem trans börn eru. Í fræðslunni er farið yfir helstu hugtök sem tengjast málefnum, stöðu trans fólks með áherslu á trans börn, fordóma sem þau mæta og hindranir í samfélaginu. Auk þess er fjallað um hvernig megi veita trans börnum stuðning. Einnig eru kynntir gátlistar fyrir skóla, og aðrar stofnanir sem vinna með börnum, um það hvernig megi skapa gott umhverfi fyrir trans börn.

Ósk um fræðslu sendist á: mannrettindi@reykjavik.is.

Tímalengd: 1 klst.

Vinnustaðir og ráðningar með kynjagleraugum

Fraðsla sem er sérstaklega fyrir stjórnendur og aðra sem sjá um ráðningar. Skoðaðar eru atvinnuauglysingar, lög um jafna stöðu kvenna og karla og áhrifin sem karla- og kvennavinnustaðir geta haft á það kyn sem er í minnihluta. Litið er á áhrif kynjaðra hugmynda á ráðningarferlið, hvernig vinnustaðir geta verið kynjaðir og hvernig megi reyna að sporna gegn því.

Ósk um fræðslu sendist á: mannrettindi@reykjavik.is.

Tímalengd: 1 klst.

Spáð í lýðræði

Lýðræði birtist á fjölbreyttan hátt í frístundastarfi og það er mikilvægt að starfsfólk þekki lýðræðishugtakið og hvað felst í því að vinna í anda lýðræðis í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Fjallað verður um lýðræðishugtakið, kynntar leiðir til að greina stöðu lýðræðisvinnu á starfsstaðnum og hvar sóknarfærin liggja helst. Áhersla er lögð á samræður og verkefnavinnu.

Markhópur: Starfsfólk frístundaheimila og félagsmiðstöðva.



LÁTUM DRAUMANNA RÆTAST

Leiðbeinandi: Hulda Valdís Valdimarsdóttir, verkefnastjóri á frístundaskrifstofu

Ósk um fræðslu sendist á: hulda.valdis.valdimarsdottir@reykjavik.is

Tímalengd: 1 klst.

Látum draumana rætast. Menntastefnan og frístundastarf

Fjallað er um menntastefnu Reykjavíkur „látum draumana rætast“, helstu áherslur hennar og vörður í innleiðingarferlinu. Skoðað verður hvernig vinna má með innleiðingu stefnunnar í frístundastarfí m.a. í gegnum þróunar- og nýbreytniverkefni. Þá verður rætt sérstaklega um mikilvægi samstarfs og þróun lærðómssamfélagsins innan sem utan starfstaðarins og mikilvægi þess í að gera gott starf enn betra.

Leiðbeinandi: Hjörtur Ágústsson, deildarstjóri Nýsköpunarmiðja Menntamála

Ósk um fræðslu sendist á: hjortur.agustsson@reykjavik.is

Tímalengd: 1-2 klst. (fyrirlestur og umræður)

Börn á flótta

Fjöldi flóttafólks á Íslandi hefur aukist jafnt og þétt á liðnum árum en í þeim hópi eru bæði umsækjendur um alþjóðlega vernd og fólk sem þegar hefur fengið leyfi til dvalar hérlandis. Meðal þeirra sem hingað koma eru börn á grunnskólaaldri og fjölskyldur þeirra. Mikilvægt er að styðja vel við börn og fjölskyldur í þessari stöðu og veita börnunum tækifæri til náms og þroska með umhyggju að leiðarljósi. Í fyrirlestrinum verður farið yfir stöðu flóttafólks á Íslandi og fjallað um ólíka hópa flóttafólks. Einnig verður skoðað hvert hlutverk grunnskólans og frístundastarfs í móttöku, aðlögun og inngildingu barna á flótta og rætt um ábyrgð samfélagsins m.a. á grunni Barnasáttmálans.

Leiðbeinandi: Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóra fjölmennингar, MML

Ósk um fræðslu sendist á: dagbjort.asbjornsdottir@reykjavik.is

Tímalengd: 1-1.5 klukkustund (fyrirlestur og umræður)

Inngilding og menningarnæmi

Í þessum fræðslupakka er fjallað um viðhorf, fordóma og hvernig við getum tileinkað okkur góða starfshætti með menningarnæmi að leiðarljósi. Fræðslan samanstendur af myndböndum, verkfærum og verkferli um hvernig sporna megi við rasisma ásamt ítarefni. Fræðslan er ætluð öllu starfsfólk skóla- og frístundasviðs sem og öðrum sem vinna með börnum, ungmennum og fólk með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Tengiliður: Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu SFS

dagbjort.asbjornsdottir@reykjavik.is

Hlekkur: [Inngilding og menningarnæmi, fræðsla á Torginu](#)

Börn í viðkvæmri stöðu

Fjallað um börn á flótta, móttöku og stuðning við börn á flótta, sálræn áföll og mikilvægi jafnvægis.

Tengiliður: Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu SFS

dagbjort.asbjornsdottir@reykjavik.is

Hlekkur: [Börn í viðkvæmri stöðu, fræðsla á Torginu](#)

Millimenningarfræðsla (stafræn fræðsla)

Millimenningarfræðsla fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi. Um er að ræða kynningar, fræðslu og gagnkvæm skoðanaskipti til að efla jákvætt viðhorf, afla sér þekkingar og færni kennara og starfsfólk til að koma til móts við fjölbreyttar þarfir barna. Áhersla er lögð á helstu upplýsingar um viðkomandi land og málumhverfi, um skólakerfið og foreldrasamstarf. Fjallað um skólakerfi og menningu í Víetnam, Palestínu og Sómalíu.

Tengiliður: Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu SFS

dagbjort.asbjornsdottir@reykjavik.is

Hlekkur: [Millimenningarfræðsla á Torginu](#)



Millimenningarfræðsla fyrir starfsfólk (staðfræðsla)

Starfsstöðvar geta valið fræðslu eftir þörfum um:

- Filippseyjar og filippseysk mál og skólamenningu
- Pólland og pólskt tungumál og skólamenningu
- Úkraínu og úkraínskt tungumál og menningu
- Arabískumælandi lönd og menningu

Leiðbeinendur: Brúarsmiðir MML

Ósk um fræðslu sendist á: mml@reykjavik.is

Tímalengd: 60 mín hver fræðsla.

Sérsniðin ráðgjöf og fræðsla frá Miðju máls og læsis (MML)

MML býður öllum upp á fræðslu og ráðgjöf um mál og læsi. Fræðsluna er hægt að sníða að þörfum hvers og eins, s.s. stutt erindi, námskeið, fræðslufundi, vinnufundi og ráðgjöf með eftirfylgd. Komdu með ögrandi uppástungu og ráðgjafar MML taka áskoruninni. Nánari upplýsingar er að finna á [heimsíðu MML](#).

Ósk um fræðslu sendist á: mml@reykjavik.is

Um hlutverk og starf brúarsmiða

Kynning fyrir starfsfólk í frístundastarfi. Sjá frekari upplýsingar um brúarsmiði á mml.reykjavik.is/bruarsmidi

Leiðbeinendur: Brúarsmiðir MML

Tímalengd: 45 mín.

Ósk um fræðslu sendist á: mml@reykjavik.is

Nýr í frístundastarfi

Hagnýt fræðsla fyrir allt starfsfólk í frístundastarfi um hvernig hægt er að styðja við góð samskipti, málörvun og tengslamyndun hjá börnum og ungmennum sem eru nýflutt til Íslands.

Leiðbeinendur: Ráðgjafar MML

Tímalengd: 90 mín eða eftir samkomulagi.

Ósk um fræðslu sendist á: mml@reykjavik.is

Hvað er málstefnuvinna í frístundastarfi?

Fræðsla fyrir allt starfsfólk skóla- og frístundasviðs. Fræðslan byggir á leikjum og umræðum í bland við upplýsingar. Hentar sem upphaf vinnu við málstefnu.

Leiðbeinendur: Ragnheiður V. Sigtryggsdóttir og Helga Ágústsdóttir

Ósk um fræðslu sendist á: RagnheidurVS4039@reykjavik.is

Tímalengd: 60 mín eða eftir samkomulagi.

Tækni og tungumál

Hagnýt vinnustofa um tæknilausnir þvert á tungumál.

Leiðbeinendur: Ragnheiður V. Sigtryggsdóttir og Helga Ágústsdóttir

Ósk um fræðslu sendist á: RagnheidurVS4039@reykjavik.is

Tímalengd: 60 mín eða eftir samkomulagi.

Mál málanna

Valdeflandi fræðsla fyrir starfsfólk um samskipti þvert á tungumál.

Leiðbeinendur: Ragnheiður V. Sigtryggsdóttir og Helga Ágústsdóttir

Ósk um fræðslu sendist á: RagnheidurVS4039@reykjavik.is

Tímalengd: 60 mín eða eftir samkomulagi



LÁTUM DRAUMANNA RÆTAST

Fjölmennning er fjársjóður

Í þessari fræðslu er lögð áhersla á að vinna gegn ríkjandi staðalímyndum, hvernig er hægt að vinna gegn fordómum og leiðir til að stuðla að jákvæðu viðhorfi til ólíkra einstaklinga.

Leiðbeinandi: Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu SFS og brúarsmiður Miðju máls og læsis.

Ósk um fræðslu sendist á: dagbjort.asbjorndottir@reykjavik.is

Tímalengd: 2 klst. eða samningsatriði.

Vertu áhrifavaldur! Samtal, grunnur samskipta.

Hvernig eflir maður virkt samtal og samskipti barna til að styðja við færni í tungumálinu.

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: 60 mínútur

Ósk um fræðslu sendist á: mml@reykjavik.is

Brú milli menningarheima

Námskeið fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla sem og frístundamiðstöðvar.

Leiðbeinendur: Brúarsmiðir MML

Ósk um fræðslu sendist á: mml@reykjavik.is

Tímalengd: 2 klst

MIXTÚRA

Mixtúra er sköpunar- og tækniver skóla- og frístundasviðs og styður við stafræna tækni í námi, kennslu, leik og störfum.

Nánari upplýsingar er að finna á [heimasiðu Mixtúru](#).

Ósk um fræðslu eða upplýsingar sendist á: mixtura@reykjavik.is

Önnur fræðsla fyrir starfsfólk í frístundastarfi á Torginu

Unnið út frá greiningu á fræðsluþörf starfsfólks í frístundastarfi á vorönn 2024.

Verkefnastjórnun	<u>Verkefnastjórnun með ASANA</u>
	<u>Verkefnastjórnun og skipulag</u>
	<u>Flokkun verkefna</u>
	<u>Tímastjórnun og skipulag funda</u>
	<u>Íslenskufræðsla</u>
Samskiptafræðsla/námskeið	<u>Andleg heilsa með Tolla Morthens</u>
	<u>Samskipti og tengslanet</u>
	<u>Meðvirkni á vinnustað</u>
Að leysa ágreining og setja mörk	



LÁTUM DRAUMANNA RÆTAST

Foreldrasamskipti	<u>Heimili og skóli</u>
	<u>Bradford kvarði</u>
Fræðsla um vinnustund	<u>Vinnustund</u>
	<u>Vinnustund – fyrir stjórnendur</u>
	<u>Vinnustund – vaktakerfið Vinna</u>
Canva	<u>Canva, grunnur</u>
	<u>Torgið – fræðsla fyrir notendur</u>
	<u>Torgið - fræðsla fyrir stjórnendur</u>
	<u>Torgshandbókin – fyrir fræðsluveitendur</u>
	<u>Að setja fræðslu á starfrænt form</u>
	<u>Fróði og aðrir innri miðlar</u>
Fræðsla um Torgið, Workplace og Microsoft forritin	<u>Microsoft 365 – 20 ráð (Tips and tricks)</u>
	<u>Microsoft SharePoint 2024, grunnur</u>
	<u>Microsoft SharePoint 2024, framhald</u>
	<u>Viva Engage - vinnu-samfélagsmiðill Reykjavíkurborgar</u>
	<u>Microsoft Viva Engage</u>
	<u>Microsoft Whiteboard</u>
	<u>Einhverfa (staðnámskeið)</u>
	<u>Uppsprettur nýsköpunar</u>
	<u>Handbók um hópastarf</u>
	<u>Barnalýðræði í Brosbæ</u>
	<u>Myndband um menntastefnuna</u>
	<u>Gátlistar menntastefnu</u>
	<u>Fræðsla um mikilvægi innra mats og framkvæmd þess</u>
	<u>Netnámskeið barna og fjölskyldustofu um kynferðisofbeldi</u>
	<u>Ítarefni um forvarnir gegn ofbeldi og kynferðisofbeldi</u>



	<p><u>Forvarnarvinna vegna eineltis fyrir frístundastarf</u></p> <p><u>Félagsfærnijör: Kennsluhandbók (SFS)</u></p>
Vinnutengd færni	<p><u>Söngur í starfi með börnum</u></p> <p><u>Efni af menntastefnuvef: § Lífið með ADHD – hlaðvarp</u></p> <p><u>Fræðslumyndbönd ADHD samtakanna</u></p> <p><u>Fyrirlestur um ADHD</u></p> <p><u>Hagnýt ráð til að kenna börnum með ADHD félagsfærni</u></p> <p><u>Leiðbeiningar fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva um viðbrögð við óviðeigandi hegðun og neyslu tóbaks, áfengis og annarra vímuefna</u></p> <p><u>Áhættuhegðun ungmenna - Flotinn og verkefnastjóri forvara</u></p> <p><u>Kortlagning tengsla skóli- og frístundastarf – SFS</u></p> <p><u>Stefna Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi (hlekkur á tilkynningablað)</u></p> <p><u>Að leysa ágreining og setja mörk</u></p> <p><u>Farsældardagur Reykjavíkur 8. febrúar 2024</u></p>
Stjórnun	<p><u>Tímastjórnun og skipulag funda</u></p> <p><u>Aðferðafræði markþjálfunar fyrir stjórnendur</u></p> <p><u>Mannauðs- og stjórnunarfræðsla o Launaseðillinn á mannamáli</u></p> <p><u>Jafnlaunavottun og jafnlaunakerfi</u></p> <p><u>Bradford kvarðinn (tól fyrir stjórnendur í viðverustjórnun)</u></p> <p><u>Skilvirk tímastjórnun fyrir stjórnendur</u></p> <p><u>Skilvirk tímastjórnun - grunnnámskeið</u></p> <p><u>Fiskur! Jákvæð vinnustaðamenning</u></p> <p><u>Eld- og brunavarnir</u></p>
Fjármál	<p><u>Innkaupakort – kynning fyrir korthafa</u></p> <p><u>Rétt líkamsbeiting: Fyrir alla utan skrifstofunnar</u></p>
Vinnuvernd	<p><u>Rétt líkamsbeiting: Á skrifstofu</u></p> <p><u>Vinnuvernd – verkfæri og menning</u></p>



LÁTUM DRAUMANNA RÆTAST

Hlaðvarpsgerð

Fræðsla um Sjúkt spjall (Sjúk ást)

Annað Erfið spöll - Þegar barn eða ungmenni greinir frá ofbeldi

Annað Transbörn - SFS

Almenn skyndihjálparfræðsla

Mannréttinda- og lýðræðisstefna

